

**Ed.** **775. Frumvarp til laga** **[183. mál]**

um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 654 með þessari breytingu.

1. gr. hljóðar svo:

Setja skal á stofn húsnæðismálastjórn, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Verkefni húsnæðismálastjórnar er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og að hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

Í húsnæðismálastjórn skulu vera 5 menn, sem ríkisstjórnin skipar til 6 ára í senn, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Enn fremur skipar hún 5 varamenn á sama hátt. Húsnæðismálastjórn skiptir með sér störfum.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun húsnæðismálastjórnar, en kostnaður af störfum hennar skal greiddur úr ríkissjóði.